

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjaldddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er stofnuninni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjaldddaga.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. nóvember 1994.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 537/1991 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið 21. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á miðhálandi Íslands, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 13 fulltrúar.

Umhverfissráðherra skipar formann nefndarinnar en héraðsnefndir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavetninga, Skagfirðinga, Eyjafjarðar, Suður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslna, sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, héraðsnefndir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangæinga og Árnesinga skipa hver um sig einn fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985 eftir því sem við á.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfissráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjóra ríkisins.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd, hluta hennar eða framkvæmdanefnd skal að jafnaði halda á tveggja mánaða fresti eða oftár eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Framkvæmdanefnd sér um dagleg samskipti við ráðgjafa og undirbýr fundi eftir því sem þurfa þykir.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni einnar héraðsnefndar að fulltrúa hennar fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar fer um málsmeðferð tillögunnar skv. 16. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hver héraðsnefnd greiðir kostnað vegna síns fulltrúa í samvinnunefnd. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna starfa framkvæmdanefndar greiðist í sömu hlutföllum og kostnaður vegna skipulagsvinnunnar.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af þeirri héraðsnefnd þar sem fundur er haldinn hverju sinni en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn í Reykjavík.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjóra og að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að 3/4 hlutum af embætti skipulagsstjóra og að 1/4 hluta af viðkomandi héraðsnefndum. Kostnaðarhlut héraðsnefndanna er þannig skipt að hann miðast að hálfu við íbúafjölda viðkomandi svæðis og að hálfu er um jafna skiptingu að ræða sbr. viðauka. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjóra ríkisins.

7. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir árslok 1997. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur ráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 19/1964, sbr. lög nr. 73/1993, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.